

Vísitala launa 2007

Wage index 2007

Samantekt Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu um 10,4% að meðaltali á milli áráanna 2006 og 2007 samkvæmt vísitölu launa. Laun skrifstofufólks hækkuðu mest á tímabilinu eða um 12,7% en laun iðnaðarmanna hækkuðu minnst, 8,7%. Laun opinberra starfsmanna hækkuðu um 7,9% á sama tímabili. Laun eftir atvinnugrein hækkuðu mest í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J), um 14,8%. Minnst hækkuðu laun í iðnaði, um 8,9%.


Í heftinu er fjallað um vísitölu launa og gerð grein fyrir þróun hennar á árinu 2007. Vísitala launa endurspeglar þróun reglulegra launa á almennum og opinberum vinnumarkaði og er gefin út ársfjórðungslega. Birtar eru niðurstöður eftir atvinnugrein og starfsstétt á almennum vinnumarkaði en heildarvísitala opinberra starfsmanna.

Niðurstöður

Vísitala launa eftir starfsstétt Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu um 10,4% á milli áráanna 2006 og 2007 ef tekið er mið af ársmeðaltali vísitölu launa. Mest hækkuðu laun skrifstofufólks á tímabilinu, eða um 12,7%. Laun sérfræðinga hækkuðu um 11,9% en minnst hækkuðu laun iðnaðarmanna, 8,7%. Á mynd 1 sést hvernig laun einstakra starfsstétta hafa breyst á milli áráanna 2005 og 2006 annars vegar og á milli áráanna 2006 og 2007 hins vegar samkvæmt ársmeðaltali vísitölu launa.

Mynd 1. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir starfsstétt 2006–2007, breyting frá fyrra ári


Figure 1. Wage index for the private sector by occupational group 2006–2007, change from previous year



Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu um 9,2% frá fjórða ársfjórðungi 2006 til fjórða ársfjórðungs 2007. Á sama tímabili hækkuðu laun skrifstofufólks um 12,4% og laun iðnaðarmanna um 7,8%. Á mynd 2 má sjá hvernig árshækkun vísitölu launa eftir starfsstétt hefur þróast frá fyrsta ársfjórðungi 2006 til fjórða ársfjórðungs 2007.

Mynd 2. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir starfsstétt og ársfjórðungi 2006–2007, breyting frá fyrra ári

Figure 2. Wage index for the private sector by occupational group and quarter 2006–2007, change from previous year



Á þriðja ársfjórðungi 2006 komu til framkvæmda ákvæði samkomulags aðila á almennum vinnumarkaði um endurskoðun kjarasamninga, þar sem meðal annars var kveðið á um fasta krónutöluhækkun launataxta. Eðli málsins samkvæmt má sérstaklega greina áhrif slíkra breytinga í launum þeirra starfsstétta sem taka laun að einhverju eða öllu leyti á grundvelli launataxta. Áhrif samkomulagsins má meðal annars greina í ársþækkun launa verkafólks á þriðja ársfjórðungi 2006 en á öðrum ársfjórðungi 2007 hætta áhrifa samkomulagsins hins vegar að gæta.

Samkomulag Sambands íslenskra bankamanna og Samtaka atvinnulífsins um endurskoðun kjarasamninga kvað á um sambærilegar hækkunir launataxta félagsmanna SÍB, sem komu til framkvæmda 1. janúar 2007. Þróun ársþækkunar launa skrifstofufólks skýrist meðal annars af því hve seint áhrifa þeirra breytinga gætir í reglulegum launum þeirra samanborið við aðrar stéttir. Samkvæmt gildandi kjarasamningum hækkðu laun flestra á almennum vinnumarkaði um 2,9% þann 1. janúar 2007. Áður nefndir kjarasamningar bankamanna kváðu hins vegar á um 3,65% hækkun launa frá sama tíma.

Vísitala launa á almennum vinnumarkaði var 124,8 stig á fjórða ársfjórðungi 2007 og hækkaði um 1,8% frá fyrri ársfjórðungi. Mest hækkðu laun sérfræðinga, um 2,3% en laun stjórnenda hækkðu minnst á tímabilinu, um 1,1%. Tafla 1 sýnir hækkun launa á milli ársfjórðunga annars vegar og breytingu ársmeðaltals eftir starfsstétt hins vegar.

Tafla 1. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir starfsstétt, breyting frá fyrra tímabili

Table 1. Wage index for the private sector by occupational group, change from previous period


%	2006				2007				2006
	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	-2007
	<i>1 quart.</i>	<i>2 quart.</i>	<i>3 quart.</i>	<i>4 quart.</i>	<i>1 quart.</i>	<i>2 quart.</i>	<i>3 quart.</i>	<i>4 quart.</i>	<i>Average</i>
<i>Alls Total</i>	4,1	1,4	3,6	1,9	4,2	1,5	1,5	1,8	10,4
<i>Stjórnendur</i>									
<i>Managers</i>	4,5	1,8	2,8	1,4	4,1	1,9	1,5	1,1	9,8
<i>Sérfræðingar</i>									
<i>Professionals</i>	5,5	1,5	2,5	1,8	5,1	2,5	1,9	2,3	11,9
<i>Tæknar</i>									
<i>Technicians</i>	5,0	2,0	2,3	2,1	4,8	2,0	1,3	1,6	10,9
<i>Skrifstofufólk</i>									
<i>Clerks</i>	4,0	1,9	2,8	1,7	5,9	2,2	1,9	1,9	12,7
<i>Afgreiðslufólk</i>									
<i>Serv. workers</i>	3,4	1,6	4,3	2,1	3,8	1,5	1,4	1,8	10,6
<i>Iðnaðarmenn</i>									
<i>Craft workers</i>	3,9	0,8	2,9	1,7	4,1	0,7	0,9	1,8	8,7
<i>Verkafólk</i>									
<i>Gen. workers</i>	3,3	1,1	5,8	2,4	3,3	0,8	1,7	1,9	10,5

Vísitala launa eftir atvinnugrein

Á milli ára 2006 og 2007 hækkuðu laun mest í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J), eða um 14,8%, ef litið er til ársmeðaltals. Á sama tímabili hækkuðu laun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F) um 11,4%. Minnst hækkuðu laun í iðnaði (D), 8,9%.

Mynd 3. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein 2006–2007, breyting frá fyrra ári

Figure 3. Wage index for the private sector by economic activity 2006–2007, change from previous year




Við samanburð á niðurstöðum eftir atvinnugrein og starfsstétt ber meðal annars að hafa í huga að stærð einstakra starfsstétta getur verið breytileg á milli atvinnugreina. Til dæmis starfa fáir verkamenn í atvinnugreininni fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J) en margir sérfræðingar. Að sama skapi starfa margir verkamenn í atvinnugreininni iðnaði (D) en færri sérfræðingar. Því geta verið tengsl á milli launaþróunar einstakra starfsstétta og atvinnugreina.

Mest mældist hækkun launa eftir atvinnugrein í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J), eða um 15,1%, á tímabilinu frá fjórða ársfjórðungi 2006 til fjórða ársfjórðungs 2007. Minnst mældist hins vegar hækkun launa í iðnaði (D), um 6,8%. Á mynd 4 má sjá hvernig ársþækkun vísitölu launa eftir atvinnugrein hefur þróast frá fyrsta ársfjórðungi 2006 til fjórða ársfjórðungs 2007.

Mynd 4. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein og ársfjórðungi 2006–2007, breyting frá fyrra ári

Figure 4. Wage index for the private sector by economic activity and quarter 2006–2007, change from previous year



Á fyrsta ársfjórðungi 2007 hækkuðu laun mest í atvinnugreininni fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar (J) eða um 6,5% frá fyrri ársfjórðungi. Eins og sést í töflu 2 (bls. 6) eru hækkunir í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J) almennt hærri en í öðrum atvinnugreinum á árinu 2007. Tafla 2 sýnir hækkun launa á milli ársfjórðunga annars vegar og breytingu ársmeðaltals eftir atvinnugrein hins vegar.

Tafla 2. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein, breyting frá fyrra tímabili

Table 2. Wage index for the private sector by economic activity, change from previous period


%	2006				2007				2006
	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	-2007
	1 quart.	2 quart.	3 quart.	4 quart.	1 quart.	2 quart.	3 quart.	4 quart.	Average
Alls Total	4,1	1,4	3,6	1,9	4,2	1,5	1,5	1,8	10,4
Iðnaður Manufacturing	3,8	1,0	4,0	2,1	3,4	0,6	1,1	1,5	8,9
Byggingarstarfsemi Construction	4,4	1,1	3,6	1,1	5,6	1,5	1,4	2,3	11,4
Verslun Wholesale	3,5	1,5	3,0	1,8	3,8	1,5	1,5	1,9	9,7
Samgöngur Transport	4,1	2,5	5,1	1,8	3,7	2,4	1,5	1,2	11,5
Fjármálaþjónusta Financial intermediation	5,6	1,7	1,9	2,8	6,5	3,0	2,4	2,4	14,8

Vísitala launa helstu launþegahópa

Vísitala launa var 123,6 stig á fjórða ársfjórðungi 2007 og hækkaði um 1,5% frá fyrri ársfjórðungi. Þá hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 1,8% en laun opinberra starfsmanna um 0,8%.

Mynd 5. Vísitala launa helstu launþegahópa eftir ársfjórðungi 2006–2007, breyting frá fyrra ári

Figure 5. Wage index for the private sector and the public sector 2006–2007, change from previous year



Á milli árána 2006 og 2007 hækkaði ársmeðaltal vísitölu launa fyrir almennan vinnumarkað um 10,4% en ársmeðaltal vísitölu launa opinberra starfsmanna um 7,9%. Tafla 3 sýnir hækkingu launa á milli ársfjórðunga og breytingu ársmeðaltals eftir helstu launþegahópum.

Tafla 3. Vísitala launa helstu launþegahópa, breyting frá fyrra tímabili

Table 3. Wage index for the private sector and the public sector, change from previous period

%	2006				2007				2006
	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Meðaltal
	1 quart.	2 quart.	3 quart.	4 quart.	1 quart.	2 quart.	3 quart.	4 quart.	Average
Alls Total	4,2	1,7	3,0	1,8	4,1	1,4	1,3	1,5	9,7
Vísitala launa á almennum vinnumarkaði									
Wage index in private sector	4,1	1,4	3,6	1,9	4,2	1,5	1,5	1,8	10,4
Vísitala launa opinberra starfsmanna									
Wage index in public sector	4,5	2,4	1,7	1,4	3,7	1,1	1,0	0,8	7,9

Kjarasamningar flestra stéttarfélaganna starfsmanna ríkisins gerðu ráð fyrir 2,9–3,0% hækkingu launataxta frá 1. janúar 2007. Þá var gert ráð fyrir launahækkunum í tengslum við framkvæmd stofnanasamninga á árinu og gætir áhrifa þeirra í vísitölu launa.

Nokkuð var jafnframt um sértækar aðgerðir í launamálum einstakra starfsstétta á árinu. Samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra frá því í september 2007 fengu allir starfandi lögreglumenn í fullu starfi greitt mánaðarlega 30.000 kr. álag á laun frá 1. október 2007 og út samningstímamann, sem er til 31. október 2008. Þá ákváðu nokkur sveitarfélög að fara svipaðar leiðir og hófu greiðslu tímabundinna álagsgreiðslna, meðal annars til starfsfólks á leikskólum. Aðrar breytingar á launakjörum sem eiga rætur að rekja til slíkra aðgerða og teljast ekki falla undir skilgreiningu um regluleg laun, svo sem aukin hlunnindi af einhverju tagi, eingreiðslur eða aðrar greiðslur sem ekki eiga við um tiltekið útborgunartímabil, hafa ekki áhrif á þróun vísitölu launa.

Um vísitölu launa

- Regluleg laun* Vísitala launa byggist á launahugtakinu regluleg laun. Launahugtakið endurspeglar laun sem greidd eru mánaðarlega fyrir umsamda vinnuskyldu. Regluleg laun fela í sér grunddagvinnulaun, vaktaálag, álagsgreiðslur, kostnaðargreiðslur og afkasta-tengdar bónusgreiðslur sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili. Í reglu- legum launum er ekki tekið tillit til yfirvinnugreiðslna, uppmælinga, ákvæðis- greiðslna, hlunninda, akstursgreiðslna og greiðslna sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili, s.s. eingreiðslna, hvort sem þær eru greiddar samkvæmt kjarasamningum eða ekki. Hugtakið regluleg laun liggur einnig til grundvallar út- reikningum meðallauna sem Hagstofa Íslands birtir árlega. Í reglulegum launum er hlutastarf uppreiknað í fullt starf ef launamaður er í hlutastarfi, en í útreikningum vísitölu launa eru regluleg laun umreiknuð í greitt tímakaup. Að öðru leyti er sam- setning launahugtakanna hin sama.
- Túlkun vísitölunnar* Í ársfjórðungslegri vísitölu launa er leitast við að lágmarka áhrif af tilfærslum, þ.e. hreinum breytingum á samsetningu launa, svo sem tilfærslu á yfirvinnulaunum í grunnlaun. Vísitalan fangar breytingar í föstum aukagreiðslum, s.s. álagsgreiðslum og ýmis konar afkastatengdum bónusgreiðslum sem gerðar eru upp á hverju út- borgunartímabili. Við túlkun á niðurstöðum ber að hafa í huga þann mun sem getur verið á samsetningu launa eftir atvinnugrein og starfsstétt.
- Útreikningsaðferðir* Í grunni er beitt svokölluðu Fisher margfeldismeðaltali (e. *Fisher ideal index*). Við útreikning í efra lagi, þar sem grunnliðir eru vegnir saman, er notast við keðju- tengda Laspeyres fastgrunnsvísitölu. Reiknaðar eru paraðar breytingar reglulegra launa á greidda vinnustund á milli tveggja samliggjandi mánaða hjá þeim sem upp- fylla skilyrði¹ þörunar. Áhrifum breytinga sem skýrast af breyttri samsetningu úrtaks er þannig haldið í lágmarki. Aðferðin er þó misnæm fyrir hækkunum eftir eðli þeirra og uppruna. Hækkanir á launum sem eiga sér stað þegar starfsmenn flytja sig á milli fyrirtækja falla til dæmis utan við paraðar breytingar. Hins vegar mælast áfangahækkanir starfsmanna eftir að reynslutíma þeirra innan fyrirtækis lýkur og fastráðning á sér stað. Tíðni slíkra breytinga getur m.a. ráðist af starfsmannaveltu í tiltekinni atvinnugrein eða starfsstétt. Vægi einstakra launabreytinga í útreikningi ræðst af vægi reglulegra launa einstaklingsins af heildarsummu reglulegra launa í starfasellu.² Tekið er tillit til úrtakshönnunar við útreikning á grunnbreytingum þannig að við útreikning eru regluleg laun vegin með úrtaksvog.
- Gögn* Vísitala launa á almennum vinnumarkaði byggist á gagnasafni launarannsóknar Hagstofu Íslands. Í rannsókninni er aflað upplýsinga um laun og launakostnað allra starfandi hjá úrtaki fyrirtækja með 10 eða fleiri starfsmenn og úrtaki sveitarfélaga. Til grundvallar útreikningum á þróun launa opinberra starfsmanna er auk gagna úr launarannsókn Hagstofu Íslands stuðst við heildarsafn frá ríki.
- Grunnur* Grunnur vísitölunnar byggist á ÍSAT 95 atvinnugreinaflokkuninni og ÍSTARF 95 starfaflokkuninni og eru vogir ákvarðaðar á grundvelli starfsstétta annars vegar og atvinnugreinabálka hins vegar.

¹ Til að uppfylla skilyrði sem sett eru í útreikningi í grunni vísitölu launa þarf launamaður að vera í sama starfi, hjá sama fyrirtæki, í sömu atvinnugrein í tveimur samliggjandi mánuðum.

² Starfasella byggist á starfsstéttum samkvæmt ÍSTARF 95 starfaflokkunarkerfinu og atvinnugreinum samkvæmt ÍSAT 95 atvinnugreinaflokkunarkerfinu.

- Atvinnugreinar* Atvinnugreinar eru skilgreindar samkvæmt ÍSAT 95 atvinnugreinaflokkun. ÍSAT 95 er flokkunarstaðall sem byggður er á atvinnugreinaflokkunarkerfi Evrópu-sambandsins, NACE Rev. 1. Vísitala launa nær til eftirfarandi atvinnugreina á almennum vinnumarkaði: Iðnaðar (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar (F), verslunar og ýmissar viðgerðarþjónustu (G), samgangna og flutninga (I), svo og fjármálaþjónustu, lífeyrissjóða og váttrygginga (J).
- Starfsstéttir* Starfsstéttir eru skilgreindar samkvæmt ÍSTARF 95 flokkunarkerfinu. ÍSTARF 95 er flokkunarstaðall sem byggður er á starfaflokkunarkerfi Alþjóðavinnumála-stofnunarinnar, ISCO-88. Starfsstéttin verkafólk er skilgreind sem fyrsti stafur 7, 8 eða 9 og stöðutala 0 eða 1. Starfsstéttin iðnaðarmenn er skilgreind sem fyrsti stafur 7, 8 eða 9 og stöðutala 2 eða 3. Stöðutala er fimmti stafur ÍSTARF 95 flokkunarkerfisins. Stöðutala er séríslensk viðbót við hið alþjóðlega flokkunarkerfi og greinir hún meðal annars á milli verkstjóra (1), iðnlærðra starfsmanna (2), iðnlærðra verkstjóra (3) og annarra launamanna (0) sem flokkaðir eru í sama starf. Vísitala launa er birt fyrir eftirfarandi starfsstéttir á almennum vinnumarkaði: Stjórnendur, sérfræðinga, tækna og sérmenntað starfsfólk, skrifstofufólk, þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk, iðnaðarmenn og verkafólk.

English summary

Wages in the private sector increased by 10.4% on average between the years 2006 and 2007. Wage increases ranged from 8.7% for Craft workers to 12.7% for Clerks. Wages in the public sector increased by 7.9% during the same period. In the economic activity of Financial intermediation (J) the wages rose by 14.8% while the increase of wages was 8.9% in the economic activity of Manufacturing (D).

The wage index is a quarterly index and shows the changes of regular hourly wages in the private sector by occupational group and economic activity. An aggregate index is also published for the public sector.

Tafla 4. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir starfsstétt 2006–2007*Table 4. Wage index for the private sector by occupational group 2006–2007*

Meðaltal ársins <i>Annual average</i> 2005=100			Breyting frá fyrra tímabili, % <i>Change from previous period, %</i>	Breyting frá fyrra ári, % <i>Change from previous year, %</i>
		Vísitala <i>Index</i>		
Alls <i>Total</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	106,7	4,1	9,3
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	108,2	1,4	8,9
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	112,1	3,6	11,4
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	114,3	1,9	11,5
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,3	•	10,3
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	119,1	4,2	11,7
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	120,9	1,5	11,7
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	122,6	1,5	9,4
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	124,8	1,8	9,2
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	121,8	•	10,4
Stjórnendur <i>Managers</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	107,2	4,5	9,9
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	109,0	1,8	9,8
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	112,1	2,8	11,3
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	113,6	1,4	10,8
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,4	•	10,4
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	118,3	4,1	10,4
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	120,5	1,9	10,6
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	122,4	1,5	9,2
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	123,8	1,1	9,0
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	121,2	•	9,8
Sérfræðingar <i>Professionals</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	108,4	5,5	11,2
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	110,0	1,5	11,0
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	112,7	2,5	12,0
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	114,8	1,8	11,7
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	111,5	•	11,5
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	120,7	5,1	11,3
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	123,7	2,5	12,5
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	126,0	1,9	11,8
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	129,0	2,3	12,3
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	124,8	•	11,9
Tæknar og sérmenntað starfsfólk <i>Technicians and associate professionals</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	107,3	5,0	10,1
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	109,4	2,0	9,9
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	111,9	2,3	10,9
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	114,2	2,1	11,8
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,7	•	10,7
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	119,7	4,8	11,6
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	122,1	2,0	11,6
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	123,7	1,3	10,5
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	125,6	1,6	10,0
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	122,8	•	10,9

Tafla 4. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir starfsstétt 2006–2007 (frh.)
 Table 4. Wage index for the private sector by occupational group 2006–2007 (cont.)

Meðaltal ársins <i>Annual average</i> 2005=100			Breyting frá fyrra tímabili, % <i>Change from previous period, %</i>	Breyting frá fyrra ári, % <i>Change from previous year, %</i>
		Vísitala <i>Index</i>		
Skrifstofufólk <i>Clerks</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	106,6	4,0	9,3
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	108,5	1,9	9,3
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	111,6	2,8	10,7
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	113,5	1,7	10,8
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,0	•	10,0
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	120,2	5,9	12,8
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	122,8	2,2	13,2
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	125,2	1,9	12,2
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	127,5	1,9	12,4
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	123,9	•	12,7
Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk				
<i>Service workers and shop and market sales workers</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	105,9	3,4	8,9
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	107,6	1,6	8,4
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	112,2	4,3	10,9
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	114,6	2,1	11,9
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,0	•	10,0
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	118,9	3,8	12,2
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	120,7	1,5	12,2
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	122,4	1,4	9,1
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	124,6	1,8	8,7
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	121,6	•	10,6
Iðnaðarmenn <i>Craft workers</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	106,2	3,9	8,5
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	107,0	0,8	7,5
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	110,1	2,9	9,6
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	112,0	1,7	9,6
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	108,8	•	8,8
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	116,6	4,1	9,8
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	117,5	0,7	9,8
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	118,5	0,9	7,7
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	120,7	1,8	7,8
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	118,3	•	8,7
Verkafólk <i>General, machine and specialized workers</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	106,2	3,3	8,8
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	107,4	1,1	8,1
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	113,6	5,8	13,3
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	116,3	2,4	13,2
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,8	•	10,8
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	120,1	3,3	13,1
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	121,0	0,8	12,7
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	123,0	1,7	8,3
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	125,4	1,9	7,8
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	122,4	•	10,5

Tafla 5. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein 2006–2007

Table 5. Wage index for the private sector by economic activity 2006–2007

Meðaltal ársins <i>Annual average 2005=100</i>			Breyting frá fyrra tímabili, % <i>Change from previous period, %</i>	Breyting frá fyrra ári, % <i>Change from previous year, %</i>
		Vísitala <i>Index</i>		
Alls <i>Total</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	106,7	4,1	9,3
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	108,2	1,4	8,9
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	112,1	3,6	11,4
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	114,3	1,9	11,5
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,3	•	10,3
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	119,1	4,2	11,7
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	120,9	1,5	11,7
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	122,6	1,5	9,4
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	124,8	1,8	9,2
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	121,8	•	10,4
Iðnaður <i>Manufacturing (D)</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	106,1	3,8	8,2
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	107,2	1,0	7,6
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	111,5	4,0	11,3
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	113,8	2,1	11,3
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	109,6	•	9,6
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	117,7	3,4	10,9
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	118,4	0,6	10,5
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	119,8	1,1	7,4
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	121,6	1,5	6,8
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	119,3	•	8,9
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction (F)</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	107,4	4,4	10,6
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	108,6	1,1	9,7
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	112,5	3,6	11,4
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	113,7	1,1	10,5
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,5	•	10,5
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	120,2	5,6	11,8
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	122,1	1,5	12,4
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	123,8	1,4	10,0
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	126,6	2,3	11,4
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	123,1	•	11,4
Verslun og ýmis viðgerðapjónusta <i>Wholesale and retail trade; repair (G)</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	105,9	3,5	8,6
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	107,5	1,5	8,2
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	110,7	3,0	9,6
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	112,7	1,8	10,2
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	109,1	•	9,1
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	117,0	3,8	10,5
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	118,7	1,5	10,4
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	120,5	1,5	8,9
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	122,7	1,9	8,9
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	119,7	•	9,7

Tafla 5. Vísitala launa á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein 2006–2007 (frh.)
 Table 5. Wage index for the private sector by economic activity 2006–2007 (cont.)

Meðaltal ársins <i>Annual average</i> 2005=100			Breyting frá fyrra tímabili, % <i>Change from previous period, %</i>	Breyting frá fyrra ári, % <i>Change from previous year, %</i>
		Vísitala <i>Index</i>		
Samgöngur og flutningar <i>Transport, storage and communication (I)</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	107,0	4,1	10,9
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	109,7	2,5	10,5
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	115,3	5,1	13,6
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	117,4	1,8	14,2
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	112,3	•	12,3
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	121,7	3,7	13,7
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	124,6	2,4	13,6
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	126,5	1,5	9,7
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	128,0	1,2	9,0
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	125,2	•	11,5
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar <i>Financial intermediation (J)</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	108,6	5,6	11,3
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	110,4	1,7	11,3
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	112,6	1,9	12,1
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	115,7	2,8	12,5
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	111,8	•	11,8
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	123,3	6,5	13,5
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	127,0	3,0	15,0
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	130,0	2,4	15,5
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	133,2	2,4	15,1
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	128,3	•	14,8

Tafla 6. Vísitala launa helstu launþegahópa 2006–2007

Table 6. Wage index for the private sector and the public sector 2006–2007

Meðaltal ársins <i>Annual average</i> 2005=100			Breyting frá fyrra tímabili, % <i>Change from previous period, %</i>	Breyting frá fyrra ári, % <i>Change from previous year, %</i>
		Vísitala <i>Index</i>		
Alls <i>Total</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	106,8	4,2	9,7
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	108,7	1,7	9,4
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	112,0	3,0	11,0
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	114,0	1,8	11,2
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,3	•	10,3
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	118,6	4,1	11,0
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	120,2	1,4	10,6
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	121,8	1,3	8,8
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	123,6	1,5	8,4
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	121,0	•	9,7
Starfsmenn á almennum vinnumarkaði <i>Private sector</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	106,7	4,1	9,3
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	108,2	1,4	8,9
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	112,1	3,6	11,4
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	114,3	1,9	11,5
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,3	•	10,3
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	119,1	4,2	11,7
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	120,9	1,5	11,7
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	122,6	1,5	9,4
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	124,8	1,8	9,2
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	121,8	•	10,4
Starfsmenn á opinberum vinnumarkaði <i>Public sector</i>				
2006	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	107,2	4,5	10,6
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	109,8	2,4	10,6
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	111,6	1,7	10,1
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	113,2	1,4	10,3
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	110,4	•	10,4
2007	1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	117,4	3,7	9,5
	2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	118,6	1,1	8,1
	3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	119,9	1,0	7,4
	4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	120,8	0,8	6,7
	Meðaltal ársins <i>Annual average</i>	119,2	•	7,9

Hagtidindi **Laun, tekjur og vinnumarkaður**
Statistical Series ***Wages, income and labour market***

93. árgangur nr. 14

2008:2

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4495 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4509 (pdf)

Verð *Price* ISK 500 EUR 7

Umsjón *Supervision* Gunnar Axel Axelsson • gunnar.axelsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series